

Löggjöf um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fyrirlestur fyrir Lífeyrissjóði
Eyjólfur Ármannsson, lögfræðingur
8. nóvember 2007



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Peningaþvætti

- Með aukinni heimsvæðingu viðskipta er peningaþvætti orðið alþjóðlegt vandamál.
- Það er talið ein af undirstöðum skipulegrar og alþjóðlegrar glæpastarfsemi, svo sem fíkniefnaviðskipta og hryðjuverka.
- Alþjóðasamningar:
 - Fíkniefnasamningurinn – S.þ. 1988
 - Þvættissamningurinn – Evrópuráðið 1990

Peningaþvætti – skilgr.

- Þegar einstaklingur eða lögaðili **tekur við eða aflar sér** eða öðrum **ávinninga** með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum, svo sem auðgunarbroti eða meiri háttar skatta- eða fíkniefnabroti, tollalögum, lögum um ávana- og fíkniefni, áfengislögum og lyfjalögum.
- Einnig er átt við þegar einstaklingur eða lögaðili tekur að sér að **geyma, dylja** eða **flytja** slíkan **ávinning**, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar **á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning** af slíkum refsiverðum brotum.
 - (Sjá 3. gr. laga nr. 64/2006)

Skilgr. í 3ju PÞ tilskipun ESB

- **Article 1 (2).** For the purposes of this Directive, the following conduct, when committed intentionally, shall be regarded as money laundering:
 - a) the conversion or transfer of property, knowing that such property is derived from criminal activity or from an act of participation in such activity, for the purpose of concealing or disguising the illicit origin of the property or of assisting any person who is involved in the commission of such activity to evade the legal consequences of his action;
 - b) the concealment or disguise of the true nature, source, location, disposition, movement, rights with respect to, or ownership of property, knowing that such property is derived from criminal activity or from an act of participation in such activity;
 - c) the acquisition, possession or use of property, knowing, at the time of receipt, that such property was derived from criminal activity or from an act of participation in such activity;
 - d) participation in, association to commit, attempts to commit and aiding, abetting, facilitating and counselling the commission of any of the actions mentioned in the foregoing points.

8. gr. - PP tilskipun ESB

- 1. Customer due diligence measures shall comprise:
 - (a) **identifying** the customer and **verifying** the customer's identity on the basis of documents, data or information obtained from a reliable and independent source;
 - (b).....
 - (c).....

Peningaþvætti - HGL

- **Sjálfstætt refsivert brot - 264. gr. alm. hegningarlaga**
- **264. gr.** [Hver sem tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti samkvæmt lögum þessum skal sæta sektum ...¹⁾ eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu skal sá sæta sem geymir eða flytur slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af broti. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið ...¹⁾ fangelsi allt að 4 árum.
- Refsing getur orðið fangelsi allt að [12 árum]²⁾ ef um ræðir ávinning af broti skv. 173. gr. a.
- Ef ávinningur er smávægilegur og engin sérstök atvik auka saknæmi brotsins skal mál eigi höfðað nema almenningshagsmunir krefjist.
- Sé brot framið af gáleysi varðar það sektum eða [fangelsi allt að 6 mánuðum].¹⁾ Varði brotið sem ávinningur stafar frá ekki þyngri refsingu en [fangelsi allt að 1 ári]¹⁾ má láta refsingu falla niður.]³⁾

Fjármögnun hryðjuverka

- er öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a alm. hegningarlaga.
- er skilgreind sem sjálfstæður refsiverður verknaður með 100. gr. b alm. hegningarlaga m.s.brtt.

100. gr. a. HGL

- [Fyrir hryðjuverk skal refsa með allt að ævilöngu fangelsi hverjum sem í þeim tilgangi að valda almenningi verulegum ótta eða þvinga með ólögumætum hætti íslensk eða erlend stjórnvöld eða alþjóðastofnun til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert eða í því skyni að veikja eða skaða stjórnskipun eða stjórnmalalegar, efnahagslegar eða þjóðfélagslegar undirstöður ríkis eða alþjóðastofnunar fremur eitt eða fleiri af eftirtöldum brotum, þegar verknaðurinn í ljósi eðlis hans eða með hliðsjón af aðstæðum þegar og þar sem hann er framinn getur skaðað ríki eða alþjóðastofnun alvarlega:
 1. manndráp skv. 211. gr.,
 2. líkamsárás skv. 218. gr.,
 3. frelsissviptingu skv. 226. gr.,
 4. raskar umferðaröryggi skv. 1. mgr. 168. gr., truflar rekstur almennra samgöngutækja o.fl. skv. 1. mgr. 176. gr. eða veldur stórfelldum eignaspjöllum skv. 2. mgr. 257. gr. og þessi brot eru framin á þann hátt að mannlífum sé stefnt í hættu eða valdið miklu fjárhagslegu tjóni,
 5. flugrán skv. 2. mgr. 165. gr. eða veitist að mönnum sem staddir eru í flughöfn ætlaðri alþjóðlegri flugumferð skv. 3. mgr. 165. gr.,
 6. brennu skv. 2. mgr. 164. gr., veldur sprengingu, útbreiðslu skaðlegra lofttegunda, vatnsflóði, skipreika, járnbrautar-, bifreiðar- eða loftfarsslysi eða óförum annarra slíkra farar- eða flutningatækja skv. 1. mgr. 165. gr., veldur almennum skorti á drykkjarvatni eða setur skaðleg efni í vatnsból eða vatnsleiðslur skv. 1. mgr. 170. gr. eða lætur eitruð eða önnur hættuleg efni í muni, sem ætlaðir eru til sölu eða almennrar notkunar, skv. 1. mgr. 171. gr.

100. gr. b. HGL

- [Hver sem beint eða óbeint styður mann, félag eða hóp, sem fremur eða hefur þann tilgang að fremja hryðjuverk skv. 100. gr. a, með því að leggja fram fé eða veita annan fjárhagslegan stuðning, útvega eða safna saman fjármagni eða með öðrum hætti að gera fjármagn aðgengilegt skal sæta fangelsi allt að 10 árum.]¹⁾

¹⁾ [L. 99/2002, 2. gr.](#)

Financial Action Task Force (FATF)

- Alþjóðlegur vinnuhópur - stofnaður árið 1989 Aðsetur hjá OECD í París – Ísland aðili frá 1991
- Hlutverk:
 1. Semja staðla fyrir aðgerðir gegn PÞ og FH
 2. Leggja mat á aðgerðir ríkja á sviðinu
 3. Rannsaka og læra aðferðir við PÞ og FH
- 40 tilmæli um PÞ og 9 sérstök tilmæli um FH
- Sjá: www.fatf-gafi.org

FATF

- Úttekt FATF á Íslandi 2006
- Einkunn Íslands: Svipuð og Norðurlanda.
- 8 Compliant (C), 14 Largely Compliant (LC), 18 Partly Compliant (PC) og 8 Non Compliant (NC). Ein tilmæli áttu ekki við.
- Eftirfylgni úttektar á fundi FATF í október 2008. Ísland þarf að sýna fram á aðgerðir vegna aths. FATF vegna 26 tilmæla (NC og PC).

Egmont Group

- Alþjóðlegur samstarfsvettvangur peningaþvættis-skrifstofa, *Financial Intelligence Units* (FIU).
- Tilgangur: Stuðla að aukinni alþjóðasamvinnu á sviði aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Vettvangur til að skiptast á upplýsingum.
- Aðild: Yfir hundrað peningaþvættisskrifstofur í jafnmörgum löndum.
- Stofnað árið 1995 - Skrifstofa í Toronto í Kanada.

Löggjöf um aðgerðir gegn PÞ og FH

- Fyrstu lög um aðgerðir gegn peningabætti – nr. 80/1993.
- **Lög nr. 64/2006** um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
 - Sett í tengslum við úttekt FATF á Íslandi.
 - Byggja á 3ju peningabættistilskipun ESB, nr. 2005/60/EB.
- **Reglugerð nr. 550/2006**, um tilkynningarskyldu og könnun á áreiðanleika viðskiptamanns í aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- **Reglugerð nr. 626/2006**, um meðhöndlun tilkynninga um ætlað peningabætti.
- Skoða: **Leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins**
um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun

Lög nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Helstu nýmæli laganna:

- Tilkynningarskyldum aðilum sem falla undir lögin er fjölgað.
- Auknar kröfur um áreiðanleikakönnun viðskiptamanns.
- Aðilar þekki viðskiptamann sinn, hver standi í raun að baki viðskiptanna – raunverulegan eiganda.
- Áreiðanleikakönnun heimiluð á grundvelli áhættumats.
- Lögmennt undanþegnir almennri tilkynningarskyldu þegar lagaleg staða skjólstaðings er könnuð og vegna dómsmála.
- Hafa skal skriflegar innri reglur um aðgerðir gegn PÞ eða FH.
- Skylda að búa yfir kerfi til að bregðast með skjótum

Lög nr. 64/2006

um aðgerðir gegn PÞ og FH

- Lögin skiptast í 7 kafla:
- I. kafli – Almenn ákvæði
- II. kafli – Könnun á áreiðanleika viðskiptamanns
- III. kafli – Auknar kröfur til könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann
- IV. kafli – Undanþágur frá kröfum um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna.
- V. kafli – Tilkynningarskylda og aðrar skyldur aðila
- VI. kafli – Eftirlit o.fl.
- VI. Kafli – Viðurlög

Tilgangur laganna – 1. gr.

Koma í veg fyrir PÞ og FH með því að skylda aðila sem stunda starfsemi er kann að verða notuð til PÞ og FH til að:

- (1) þekkja deili á viðskiptamönnum sínum og starfsemi þeirra og
- (2) tilkynna um það til bærra yfirvalda verði þeir varir við slíka ólögmdæta starfsemi.

Tilkynningarskyldir aðilar – 2. gr.

- a. **Fjármálafyrirtæki** samkvæmt skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki.
- b. **Líftryggingafélög og lífeyrissjóðir.**
- c. **Vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn** samkvæmt lögum um miðlun vátrygginga þegar þeir miðla líftryggingum eða öðrum söfnunartengdum tryggingum skv. [23. gr. laga um vátryggingastarfsemi](#).
- d. **Útibú erlendra fyrirtækja** sem staðsett eru á Íslandi og falla undir a–c-lið.
- e. Einstaklingar eða lögaðilar **sem í atvinnuskyni stunda gjaldeyrisviðskipti** eða yfirfærslu peninga og verðmæta
- f. **Lögmenn** og aðrir lögfræðingar í eftirfarandi tilvikum:
 - i. þegar þeir sjá um eða koma fram fyrir hönd umbjóðanda síns í hvers kyns fjármála- eða fasteignaviðskiptum;
 - ii. þegar þeir aðstoða við skipulagningu eða framkvæmd viðskipta fyrir umbjóðanda sinn hvað varðar kaup og sölu fasteigna eða fyrirtækja, sjá um umsýslu peninga, verðbréfa eða annarra eigna umbjóðanda síns, opna eða hafa umsjón með banka-, spari- eða verðbréfareikningum, útvega nauðsynlegt fjármagn til að stofna, reka eða stýra fyrirtækjum eða stofna, reka eða stýra fjárvörslusjóðum, fyrirtækjum og áþekktum aðilum.
- g. **Endurskoðendur.**
- h. Aðrir einstaklingar og lögaðilar þegar þeir í starfi sínu inna af hendi sömu þjónustu og talin er upp í **f-lið**, t.d. **skattaráðgjafar eða aðrir utanaðkomandi ráðgjafar.**
- i. **Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasalar.**
- j. Einstaklingar eða lögaðilar **sem í atvinnuskyni selja hluti sem greitt er fyrir með reiðufé**, hvort sem viðskiptin fara fram í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri, að fjárhæð **15.000 evrur eða meira** miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.
- k. **Þjónustuaðilar á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu**, sbr. skilgreiningu í 3. gr.
 - l. Einstaklingar eða lögaðilar með **starfsleyfi á grundvelli laga um happdrætti, eða til reksturs fjársafnana og happdrætta á grundvelli sérlaga** þegar greiddir eru út vinningar.

Dæmi og aðferðir við peningabætti

- **ATH.:** Skoða umfjöllun í FATF skýrslum um hættur á peningabætti.
- Hlutverk FATF: Rannsaka og læra aðferðir við PP og FH.
- Skoða www.fatf-gafi.org
 - => Publications/Methods & Trends.
 - Reports on Money Laundering & TF Typologies.

Lífeyrissjóðir – Low Risk!?

Examples of customers, transactions or products where the **risk may be lower** could include: (Sjá Methodology, bls. 14. www.fatf-gafi.org)

- a) **Financial institutions** – provided that they are subject to requirements to combat money laundering and terrorist financing consistent with the FATF Recommendations and are supervised for compliance with those requirements.
- b) **Public companies** that are subject to regulatory disclosure requirements. This refers to companies that are listed on a stock exchange or similar situations.
- c) **Government administrations** or enterprises.
- d) **Life insurance policies** where the annual premium is no more than USD/€1000 or a single premium of no more than USD/€2500.
- e) **Insurance policies for pension schemes** if there is no surrender clause and the policy cannot be used as collateral.
- f) **A pension**, superannuation or similar scheme that provides retirement benefits to employees, where contributions are made by way of deduction from wages and the scheme rules do not permit the assignment of a member's interest under the scheme.
- g) **Beneficial owners of pooled accounts** held by DNFBP provided that they are subject to requirements to combat money laundering and terrorist financing consistent with the FATF Recommendations and are subject to effective systems for monitoring and ensuring compliance with those

Hvernig á að uppfylla skyldur laganna?

1. Framkvæma áreiðanleikakönnun á viðskiptamönnum.
2. Setja skriflegar innri reglur.
3. Tilnefna ábyrgðarmann aðgerða gegn PÞ.
4. Þjálfar starfsfólk og hafa innra eftirlit.
5. Senda lögreglu tilkynningar ef grunur um PÞ.
6. Hafa kerfi til að bregðast skjótt við fyrirspurnum lögreglu.
7. Varðveita gögn í a.m.k. 5 ár frá viðskiptum.

Áreiðanleikakönnun viðskiptamanns

Kanna skal áreiðanleika viðskiptamanna í eftirfarandi tilvikum: (4. gr.)

- a. Upphaf viðvarandi samningssambands.
- b. Einstök viðskipti > 15.000 evrur.
- c. Gjaldeyrisviðskipti > 1.000 evrur.
- d. Grunur um PP eða FH, án tillits til undanþágna eða takmarkana af neinu tagi.
- e. Vafi að fyrirliggjandi upplýsingar um viðskiptamann séu réttar eða áreiðanlegar.

Upplýsingaöflun

Áður viðskipti eiga sér stað skal gera kröfu um að nýr viðskiptamaður sanni á sér deili: (Sjá 5. gr.)

a.Einstaklingar: með framvísun persónuskilríkja sem gefin eru út af opinberum aðila.

b.Lögaðilar: með framlagningu vottorðs úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða sambærilegri opinberri skrá með heiti, heimilisfangi og kennitölu eða sambærilegum upplýsingum.

- Tilkynningarskyldur aðili skal jafnframt gera kröfu um að fullnægjandi upplýsingar séu veittar um **raunverulegan eiganda**, sbr. 3. gr.
- Prókúruhafar skulu sanna deili á sér með sama hætti og greinir í a-lið.

Afla skal upplýsinga um **tilganginn með fyrirhuguðum viðskiptum** hjá viðskiptamanni.

Hafi tilkynningarskyldur aðili vitneskju um eða ástæðu til að ætla að tiltekin viðskipti fari fram í þágu þriðja manns skal viðskiptamaður í samræmi við a- og b-lið 1. mgr. krafinn upplýsinga um hver sá þriðji maður er.

Raunverulegur eigandi

- Einstaklingur, einn eða fleiri, sem í raun á eða stýrir þeim einstaklingi og/eða lögaðila sem skráður er fyrir eða framkvæmir viðskiptin.

Raunverulegur eigandi telst m.a. vera: (Sjá 4. tölul. 3. gr.)

- a. Einstaklingur eða einstaklingar sem í raun eiga eða stjórna lögaðila í gegnum beina eða óbeina eignaraðild að meira en 25% hlut í lögaðilanum, ráða yfir meira en 25% atkvæðisréttar eða teljast á annan hátt hafa yfiráð yfir lögaðila. Ákvæðið á þó ekki við um lögaðila sem skráðir eru á skipulegum markaði samkvæmt skilgreiningu laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.
- b. Einstaklingur eða einstaklingar sem eru framtíðareigendur að 25% eða meira af eignum fjárvörslusjóðs eða svipaðs löglegs fyrirkomulags, eða hafa yfiráð yfir 25% eða meira af eignum hans. Í tilvikum þar sem ekki hefur enn verið ákveðið hverjir munu njóta góðs af slíkum fjárvörslusjóði telst raunverulegur eigandi vera sá eða þeir sem sjóðurinn er stofnaður fyrir eða starfar fyrir.

Reglubundið eftirlit – 6. gr.

- Hafa skal reglubundið eftirlit með samningssambandinu við viðskiptamenn.
1. Tryggja að viðskipti séu í samræmi við fyrirliggjandi upplýsingar.
 - t.d. með athugun á viðskiptum í samningssambandinu.
 2. Upplýsingar skulu uppfærðar og frekari upplýsinga aflað eftir því sem þörf krefur.

Áhættumat – 7. gr.

- Heimilt að beita áreiðanleikakönnun á grundvelli áhættumats þar sem umfang upplýsingaöflunar byggist á mati á hættu á PÞ og FH.
- Sé heimildin nýtt er skylt að setja reglur um framkvæmd þess.
- Reglurnar skulu samþykktar af:
Fjármálaeftirlitinu (bankar o.fl.) eða lögreglu .

Tímabundin frestun upplýsingaöflunar 8. gr.

- Til að trufla ekki eðlilegan framgang viðskipta má fresta áreiðanleikakönnun þar til samningssamband hefur stofnast þegar lítil hættu er á PÞ eða FH.
- Viðskiptamaður skal þá sanna á sér deili eins fljótt og því verður komið við.

Ekki mögulegt að uppfylla skilyrði áreiðanleikakönnunar

- 9. gr.
- Óheimilt að framkvæma viðskipti eða stofna til samningssambands við viðkomandi.
- Meta hvort senda skuli tilkynningu til lögreglu.

Auknar kröfur til áreiðanleikakönnunar

III. kafli laganna:

- Fjarsala – 10. gr.
- Millibankaviðskipti – 11. gr.
- Einstaklingar í áhættuhópi – 12. gr.
- Millibankaviðskipti við skelbanka – 13. gr.
- Nafnleynd í viðskiptum – 14. gr.

Undanþágur frá áreiðanleikakönnun

15. gr.

- Aðilar undanþegnir áreiðanleikakönnun eru:
 - a. Fjármálafyrirtæki, líftryggingafélög og lífeyrissjóðir innan EES. Utan EES þar sem FATF kröfum er fylgt.
 - b. Félög skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.
 - c. Íslensk stjórnvöld.

Undanþágur frá áreiðanleikakönnun

• 16. gr.

- Óþarft að kanna áreiðanleika viðskiptamanns ef samsvarandi upplýsingar um áreiðanleika koma fram fyrir tilstilli fjármálafyrirtækis með starfsleyfi á Íslandi eða á EES.
- Sama gildir um upplýsingar sem koma fram fyrir tilstilli eftirlitsskyldra fjármálastofnana utan EES ef sömu kröfur og í lögnum (FATF).
- **Markmið:** Gera auðveldara að mæta auknum kröfum laganna með heimild til að nýta upplýsingar sem þegar hefur verið afleið um viðskiptamann

Undanþágur frá áreiðanleikakönnun

- 16. gr.
- Endanleg ábyrgð áreiðanleikakönnunar hvílir á viðtakanda upplýsinganna.
- Þriðji aðili sem veitir upplýsingar skal, ef viðtakandi óskar eftir, án tafar gera upplýsingarnar aðgengilegar eða áframsenda afrit af gögnum um áreiðanleikakönnun.

Undanþágur frá áreiðanleikakönnun

Í reglugerð nr. 550/2006!

- **2. gr.** *Undanþága frá kröfu um könnun á áreiðanleika.*

Í eftirfarandi tilvikum er ekki skylt að kanna áreiðanleika viðskiptamanna:

- Þegar staðfest er að greiðsla fyrir viðskiptin verði færð til skuldar á viðskiptareikningi á nafni viðskiptamanns í starfandi fjármálafyrirtæki eða samsvarandi lögaðila sem hlotið hefur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu.
- Við gerð líftryggingarsamnings hjá fjármálastofnun ef árlegt iðgjald er lægra en 1.000 evrur, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, eða ef um er að ræða eingreiðslu iðgjalds sem er lægri en 2.500 evrur, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni. Ef árlegt iðgjald er hækkað, þannig að það verði hærra en 1.000 evrur, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni, skal krefjast framvísunar skilríkja.

Tilkynningarskylda og aðrar skyldur

- 17. gr.

- Athuga gaumgæfilega öll viðskipti sem grunur leikur á að rekja megi til PÞ og FH.
- Tilkynna lögreglu um viðskipti þar sem grunur leikur á tengslum við PÞ og FH.
- Skylda er að láta lögreglu í té allar nauðsynlegar upplýsingar vegna tilkynningar.

Upplýsingaskylda til lögreglu

- Samkvæmt beiðni lögreglu, sem rannsakar peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, skulu tilkynningarskyldir aðilar **láta í té allar upplýsingar** sem nauðsynlegar eru taldar vegna tilkynningar, sbr. 2. mgr. 17. gr.
- Ekki er þörf á dómsúrskurði vegna veitingar upplýsinga, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 550/2006.

Upplýsingaskylda til lögreglu

- Að veita lögreglu upplýsingar í góðri trú telst **ekki brot á þagnarskyldu** sem aðili er bundinn lögum samkvæmt eða með öðrum hætti. Sjá 21. gr.
- Upplýsingagjöf leggur hvorki refsí- ná skaðabótaábyrgð á herðar hlutaðeigandi einstaklingum, lögaðilum eða starfsmönnum þeirra.
- Skylda er að sjá til þess að viðskiptamaður og annar utanaðkomandi aðili **fái ekki vitneskju** um að lögreglu hafi verið send tilkynning um grun um PÞ eða FH. Sjá 20. gr.

Skylda til að forðast viðskipti.

- 18. gr.
- Forðast skal viðskipti þegar fyrir hendi er vitneskja eða grunur um að rekja megi þau til peningabættis eða fjármögnunar hryðjuverka.
- Skal tilkynna um þau til lögreglu og taka fram í tilkynningunni innan hvaða frests tilkynningarskyldum aðilum er skylt að framkvæma viðskiptin.
- Ef ekki er unnt að koma í veg fyrir viðskiptin eða stöðvun þeirra gæti hindrað lögsókn á hendur þeim sem hafa hagnað af viðskiptunum skal lögreglu tilkynnt um viðskiptin um leið og þau hafa farið fram.

Ábyrgð á framfylgd lagaanna

- 22. gr.
- Tilkynningarskyldir aðilar bera ábyrgð á því að ákvæðum lagaanna og reglugerða og reglna settra samkvæmt þeim sé framfylgt.

Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningabætti

- Skytt er að tilnefna einn úr hópi stjórnenda sem sérstakan ábyrgðarmann aðgerða gegn PÞ.

Hlutverk ábyrgðarmanns:

- Annast tilkynningar um grun um PÞ og FH
- Sjá til þess að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir er stuðli að framkvæmd laganna.

Starfsskyldur ábyrgðarmanns

- felast m.a. í að:
 - Taka á móti tilkynningum um PP frá starfsmönnum, skrá þær og varðveita ásamt öðrum gögnum á fullnægjandi hátt.
 - Gera ætíð ráðstafanir til að afla nauðsynlegra upplýsinga í tengslum við tilkynningar frá starfsmönnum.
 - Framkvæma rannsóknir á tilkynningum í ljósi allra aðgengilegra upplýsinga.
 - Sjá til þess að skrifuð sé skýrsla um tilkynningar, sbr. 2. mgr. 23. gr. l. 64/2006.
 - Senda til lögreglu tilkynningar um vitneskju eða grun um PP.
 - Afla upplýsinga um og nota leiðbeiningar FME og SEB og alþjóðlegra stofnanna, t.d. FATF.
 - Gera viðeigandi ráðstafanir til að viðhalda þekkingu sinni.
 - Hafa umsjón og ábyrgð með fræðslu annarra starfsmanna um málaflokkinn.
 - Leggja mat á áhættu á PP og FH innan einstakra sviða eða rekstrareininga, m.a. út frá fjölda tilkynninga, umfangi og eðli starfseminnar.

Innra eftirlit o.fl. – 23. gr.

- Til að koma í veg fyrir PÞ og FH er m.a. skylda að hafa:
- Skriflegar innri reglur og innra eftirlit.
- Sjá starfsmönnum fyrir þjálfun á sviðinu.
- Gera skriflegar skýrslur um allar grunsamlegar og óvenjulegar færslur.

Skriflegar innri reglur

Innri reglur gegn PÞ og FH skv. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 64/2006 ættu m.a. að fjalla um:

1. Áreiðanleikakönnun viðskiptamanns.
2. Upplýsingaöflun við áreiðanleikakönnun.
3. Skráningu og varðveislu gagna.
4. Skyldu starfsm. til að tilkynna ábyrgðarmanni tafarlaust um grun á PÞ eða FH.
5. Meðferð tilkynninga um ætlað peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka.
6. Ábyrgð og hlutverk ábyrgðarmanns peningabættis.
7. Aðgang ábyrgðarmanns að upplýsingum um viðskiptamenn og viðskiptafærslum sem tilkynnt er um.
8. Starfsaðferðir til að koma í veg fyrir að nafnleynd eða tækninýjungar séu misnotaðar í viðskiptum í þágu PÞ eða FH og varðveisla gagna um slík viðskipti.
9. Upplýsingar sem afla skal við ráðningu starfsmanna.
10. Þjálfun og fræðslu starfsmanna.
11. Útræði gegn starfsmönnum sem senna eðli starfskyldum sínum á

Þjálfun starfsmanna

- Er lykilatriði í aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Tryggja skal að starfsfólk og stjórnendur þekki:

- Löggjöf, leiðbeinandi tilmæli og innri reglur um aðgerðir gegn PÞ og FH.
- Hverjar séu skyldur í tengslum við aðgerðir gegn PÞ og FH, m.a. hver séu rétt viðbrögð gagnvart viðskiptavinum ef grunur kemur upp um PÞ eða FH.
- Hver sé ábyrgðarmaður og hvert sé hlutverk hans og ábyrgð.
- Hver sé staðgengill ábyrgðarmanns.
- Hvaða afleiðingar það getur haft fyrir eftirlitsskyldan aðila, starfsmenn hans og viðskiptavinum, ef reglur á þessu sviði eru ekki virtar.
- Hvar helstu áhættur á PÞ og FH liggja.
- Nýjustu aðferðir við PÞ og FH og þróun málaflokksins.
- Viðskiptafærslur sem geta vakið grun og verið tengdar PÞ og FH og fái leiðsögn í meðhöndlun þeirra.

Endurmeta skal reglulega börfin á þjálfun starfsfólks og uppfæra

Innra eftirlit o.fl. – 23. gr. – FRH.

- Búa yfir kerfi til að bregaðst skjótt við fyrirspurnum lögreglu.
- Setja sérstakar reglur um athugun á umsækjendum um starf, t.d. hvenær skuli krafist sakavottorðs.
- Varðveita skal gögn í a.m.k. 5 ár frá því að viðskiptum lýkur.

Viðurlög

- 1. mgr. 27. gr.
- Vanræki tilkynningarskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi að kanna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn sína skv. II. og III. kafla, tilkynningarskyldu eða aðrar skyldur skv. V. kafla eða vanræki hann að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skýrslur eða gögn svo sem kveðið er á um í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal hann sæta sektum.

Hlutræn refsíabyrgð

- 2. mgr. 27. gr.: Þegar brot á lögum þessum er framið í starfsemi lögaðila, og í þágu hans, má gera lögaðilanum sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á fyrirsvarsmann eða starfsmann lögaðila. Hafi fyrirsvarsmaður eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum má einnig gera lögaðilanum sekt ef brotið var í þágu hans.
- Í 2. mgr. er lögfest hlutræn refsíabyrgða lögaðila þar sem það á við. Hvatning til lögaðila að starfsmenn hans uppfylli þær skyldur sem lögin taka til.